

Ed.

902. Frumvarp

til laga um innflutningsbann á niðursoðinni mjólk.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Bannað er að flytja til landsins niðursoðna mjólk.

2. gr.

Atvinnumálaráðherra er heimilt að setja með reglugerð hámarksverð á innlenda niðursoðna mjólk, og má í reglugerðinni ákveða sektir fyrir brot.

3. gr.

Brot gegn ákvæðum 1. gr. varða sektum frá 200—5000 kr., og renna þær í ríkissjóð. Ólöglega innflutt mjólk skal upptæk gerð og andvirði hennar renna í ríkissjóð.

4. gr.

Mál út af brotum gegn lögum þessum og reglugerð þeirri, er sett kann að verða samkv. 2. gr., skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.